

EBITDA 2.562 millj. kr. á 2F 2023
Helstu niðurstöður

- Vörusala nam 34.199 millj. kr. samanborið við 29.936 millj. kr. árið áður og jókst um 14,2% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.756 millj. kr. og jókst um 431 millj. kr. eða 5,9% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 22,7% og hækkar um 1,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en er 1,8.p.p. lægra en árið áður.
- Laun og starfsmannakostnaður eykst um 21,4% milli ára en stöðugildum fjölgar um 9,7% vegna opunar nýrra verslana á seinni helmingi síðasta árs. Þá nam einskiptiskostnaður 154 millj. kr. vegna starfsloka tengt skipulagsbreytingum á ársfjórðungnum.
- EBITDA nam 2.562 millj. kr. samanborið við 2.911 millj. kr. á 2F 2022, sem er lækkun um 349 millj. kr.
- Eigið fé í lok 2F 2023 nam 33.641 millj. kr. og eiginfjárlutfall 35,5% samanborið við 36,9% í árslok 2022.
- Handbært fé frá rekstri nam 2.859 millj. kr. samanborið við 476 millj. kr. árið áður.
- EBITDA afkomuspá fyrir árið er óbreytt og nemur 9.750 – 10.250 millj. kr.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	34.199	29.936	4.263	14,2%	63.683	54.508	9.175	16,8%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	7.756	7.325	431	5,9%	13.984	13.060	924	7,1%
Aðrar rekstrartekjur	518	482	36	7,5%	1.015	912	102	11,2%
EBITDA	2.562	2.911	-349	-12,0%	3.962	4.660	-697	-15,0%
EBIT	1.703	2.009	-307	-15,3%	2.175	2.960	-785	-26,5%
EBT	905	1.636	-730	-44,7%	734	2.208	-1.475	-66,8%
Hagnaður tímabilsins	738	1.335	-597	-44,7%	647	1.811	-1.164	-64,3%
Efnahagsreikningur					30.6.2023	31.12.2022	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					14.259	13.086	1.173	9,0%
Viðskiptakröfur					5.950	5.960	-10	-0,2%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					29.299	30.014	-715	-2,4%
Handbært fé					2.326	2.112	214	10,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					26.973	27.902	-928	-3,3%
Eiginfjárlutfall					35,5%	36,9%	-1,4 p.p.	-3,8%
Sjóðstreymi	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	2.859	476	2.382	500,4%	4.097	1.459	2.638	180,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-330	-959	629	-65,6%	-1.146	-2.577	1.431	-55,5%
Fjármögnunarhreyfingar	-2.017	-113	-1.904	1680,9%	-2.749	-795	-1.954	245,7%
Handbært fé í lok tímabils	2.326	2.085	241	11,6%	2.326	2.085	241	11,6%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	22,7%	24,5%	-1,8 p.p.	-7,3%	22,0%	24,0%	-2,0 p.p.	-8,4%
EBITDA/framlegð	33,0%	39,7%	-6,7 p.p.	-16,9%	28,3%	35,7%	-7,3 p.p.	-20,6%
Laun/framlegð	53,3%	46,5%	+6,8 p.p.	14,7%	55,9%	49,1%	+6,7 p.p.	13,7%
Fjárfestingar	714	1.216	-502	-41,3%	1.566	3.119	-1.553	-49,8%
Veltuhraði birgða	7,3	8,0	-0,7	-8,8%	7,3	8,0	-0,7	-8,8%

Rekstur 2. ársfjórðungs 2023

Rekstur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi gekk ágætlega og í samræmi við áætlanir félagsins. Rekstrarumhverfið var áfram krefjandi vegna áhrifa verðbólgu á vöruverð og allan rekstrarkostnað. Vörusala jókst um 14,2% milli ára en aukning var í heimsóknum og magnsölu til viðskiptavina í öllum starfsþáttum milli ára. Framlegðarstig nam 22,7% og hækkar um 1,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en bætingin nær til allra starfsþátta félagsins. EBITDA N1 var 583 millj. kr. verri en árið áður en afkoma af olíuvörnum var 232 millj. kr lægri en árið áður og einskiptiskostnaður 84 millj. kr. EBITDA Krónunnar var 219 millj. kr. betri og EBITDA ELKO var 36 millj. kr betri en árið áður. EBITDA félagsins nam 2.562 millj. kr. sem er 349 millj. kr. verri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur 2. ársfjórðungs 2023

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 34.199 millj. kr. sem er um 14,2% aukning milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 17.477 millj. kr. sem er aukning um 25,7% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 9.642 millj. kr. sem er lækkun um 1,6% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.374 millj. kr. sem er 11,6% aukning milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.706 millj. kr. sem er aukning um 16,8% milli ára.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	17.477	13.905	3.572	25,7%	32.860	26.305	6.555	24,9%
Eldsneyti og rafmagn	9.642	9.794	-152	-1,6%	18.003	16.861	1.142	6,8%
Raftæki	4.374	3.919	455	11,6%	8.220	7.316	903	12,3%
Aðrar vörur og þjónusta	2.706	2.317	389	16,8%	4.600	4.025	574	14,3%
Samtals vöru- og þjónustusala	34.199	29.936	4.263	14,2%	63.683	54.508	9.175	16,8%
Aðrar rekstrartekjur	518	482	36	7,5%	1.015	912	102	11,2%
Tekjur samtals	34.717	30.418	4.299	14,1%	64.697	55.420	9.277	16,7%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 25,7% milli ára en verslunum Krónunnar fjölgaði um tvær frá fyrra ári með opnun nýrrar verslunar í Borgartúni í maí sl. og á Akureyri í desember sl. Krónan opnaði einnig nýja stærri verslun í Skeifunni í byrjun júlí en lokaði minni verslun í sama hverfi á sama tíma. Þá kemur rekstur Icelandic Food Company inn í samstæðuna frá 1. janúar 2023 en tekjur félagsins koma undir dagvörusölu. Tekjur af eldsneyti og rafmagni lækkuðu um 1,6% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 30-40%, eftir vörutegundum, á milli ára. Selt magn nam um 53,9 millj. lítra sem er 9% aukning milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 11,6% milli ára sem skýrist helst af aukningu í verslun í Skeifunni og á Keflavíkurlflugvelli. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu aukast um 16,8% milli ára en N1 opnaði nýtt verkstæði fyrir bifreiðaþjónustu sína í Klettagörðum í september sl.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 2. ársfjórðungi 2023

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.756 millj. kr. sem er 5,9% aukning milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 4.021 millj. kr. sem er aukning um 19,8% milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.562 millj. kr. sem er 401 millj. kr. lægri en árið áður. Framlegðarstig nam 16,2% og lækkar um 1,8 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.099 millj. kr. sem er aukning um 11,3% milli ára.
- Framlegð af öðrum vörum og þjónustu nam 1.075 millj. kr. sem er aukning um 5,4% milli ára.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	4.021	3.356	665	19,8%	7.492	6.235	1.257	20,2%
Eldsneyti og rafmagn	1.562	1.963	-401	-20,4%	2.692	3.237	-546	-16,9%
Raftæki	1.099	987	112	11,3%	2.025	1.902	123	6,5%
Aðrar vörur og þjónusta	1.075	1.019	55	5,4%	1.775	1.685	89	5,3%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	7.756	7.325	431	5,9%	13.984	13.060	924	7,1%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.756 millj. kr. samanborið við 7.325 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2022 sem er 5,9% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 4.021 millj. kr. sem er 19,8% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.562 millj. kr. sem er um 401 millj. kr. samdráttur milli ára. Neikvæður mismunur í hagnaði af eldsneytisvörunum nemur 232 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.099 millj. kr. sem er 11,3% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.075 millj. kr. sem er 5,4% aukning milli ára.

Rekstrarkostnaður 2. ársfjórðungs 2023

- Rekstrarkostnaður á 2F 2023 var 5.713 millj. kr. og hækkar um 816 millj. kr. milli ára eða um 16,7%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 730 millj. kr. eða um 21,4% milli ára en 16,9% án áhrifa einskiptiskostnaðar á fjórðungnum.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.359 á fjórðungnum sem er fjölgun um 9,7% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 86 millj. kr. eða um 5,8% milli ára en mikil áhersla er á lækun rekstrarkostnaðar í samstæðunni.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	4.138	3.408	730	21,4%	7.810	6.414	1.396	21,8%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	523	430	93	21,6%	1.035	860	175	20,4%
Viðhaldskostnaður	239	198	41	20,4%	541	429	112	26,2%
Sölu og markaðskostnaður	378	405	-28	-6,9%	726	710	16	2,2%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	132	91	41	44,5%	255	200	54	27,2%
Samskiptakostnaður	208	197	11	5,5%	444	394	50	12,6%
Vátrygginga og tjónakostnaður	10	55	-46	-82,8%	43	119	-75	-63,4%
Annar kostnaður	86	111	-25	-22,4%	181	186	-5	-2,5%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.575	1.489	86	5,8%	3.226	2.898	328	11,3%
Samtals rekstrarkostnaður	5.713	4.897	816	16,7%	11.036	9.312	1.724	18,5%

26. júlí 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2023

Laun og annar starfsmannakostnaður á 2F 2023 nam 4.138 millj. kr. samanborið við 3.408 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 21,4% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.359 á fjórðungnum sem er fjölgun um 120 stöðugildi eða 9,7% milli ára. Samningsbundnar launahækkunar höfðu 250 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára og aukning stöðugilda 308 millj. kr. Kostnaður vegna starfslokasamninga gjaldfærðir inn í fjórðunginn nemur 154 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og launatengd gjöld samtals 2F 2022	3.408
Stöðugildi - breyting	308
Samningsbundnar launahækkunar	250
Orlofsskuldbinding	16
Aðrar breytingar	155
Laun og launatengd gjöld samtals 2F 2023	4.138

Annar rekstrarkostnaður nam 1.575 millj. kr. samanborið við 1.489 m.kr. á 2F 2022, sem er hækkun um 5,8% milli ára. Rekstrarkostnaður fasteigna hækkar um 21,6% sem er að mestu vegna fjölgunar verslana milli ára auk áhrifa veltutengdrar húsaleigu. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 41 millj. kr. milli ára m.a. vegna áhrifa kostnaðar tengdum kaupum á Lyfju. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir á alla kostnaðarliði í samanburði milli ára en mikil áhersla er á lækkun alls rekstrarkostnaðar í því umhverfi sem nú ríkir.

Fjármagnsliðir 2. ársfjórðungs 2023

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 801 millj. kr. samanborið við 432 millj. kr. frá árinu áður. Aukningin er því 369 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 42 millj. kr. og hækka um 8 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 893 millj. kr. og hækkuðu um 321 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna námu 50 millj. kr. og lækkuðu um 56 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	42	34	8	22,8%	69	63	6	9,6%
Fjármagnsgjöld	-893	-572	-321	56,0%	-1.711	-1.015	-696	68,5%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	50	106	-56	-53,0%	172	169	3	1,7%
Samtals	-801	-432	-369	85,4%	-1.470	-783	-687	87,7%

Fjármagnstekjur nema 42 millj. kr. og hækka um 8 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 893 millj. kr. og hækka um 321 millj. kr. milli ára vegna áhrifa af hækkunum stýrivaxta Seðlabankans milli ára. Áhrif hlutdeildarfélaganna nema 50 millj. kr. og lækka um 56 millj. kr. milli ára.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 2. ársfjórðungs 2023

- Heildar eignir námu 94.771 millj. kr. í lok 2F 2023 og hafa aukist um 1.398 millj. kr. á árinu.
- Fastafjármunir námu 71.562 millj. kr. og hafa aukist um 112 millj. kr. á árinu.
- Veltufjármunir námu 23.209 millj. kr. og hafa aukist um 1.286 millj. kr. á árinu.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu 26.973 millj. kr. og hafa lækkað um 928 millj. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 35,5% í lok 2F 2023 samanborið við 36,9% í árslok 2022.
- Handbært fé nam 2.326 millj. kr. í lok 2F 2023 sem er hækkun um 214 millj. kr. frá áramótum.

Milljónir króna	30.6.2023	31.12.2022	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.842	14.862	-20	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.387	4.517	-130	-2,9%
Rekstrarfjármunir	35.036	34.815	221	0,6%
Leigugeignir	8.130	8.012	118	1,5%
Fjárfestingarfasteignir	6.596	6.479	117	1,8%
Birgðir	14.259	13.086	1.173	9,0%
Viðskiptakröfur	5.950	5.960	-10	-0,2%
Handbært fé	2.326	2.112	214	10,1%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	29.299	30.014	-715	-2,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	26.973	27.902	-928	-3,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir	35.587	36.328	-742	-2,0%
Eignfjárhlutfall	35,5%	36,9%	-1,4 p.p.	-3,8%
Veltuhraði vörubirgða	7,3	8,0	-0,7	-8,8%

Viðskiptavild nam 14.842 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.387 millj. kr. í lok 2F 2023. Rekstrarfjármunir námu 35.036 millj. kr og hækka um 221 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 6.596 millj. kr. og hækka um 117 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 1.173 millj. kr. frá áramótum. Vegna árstíðasveiflu í rekstrinum eykst fjárbinding í eldsneytisbirgðum um 732 millj. kr. og í dagvörum um 443 millj. kr. Viðskiptakröfur lækka um 10 millj. kr. og aðrar skammtímakröfur um 90 millj. kr.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu samtals 26.973 millj. kr. sem er lækkun um 928 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárhlutfall félagsins var 35,5% í lok 2F 2023 samanborið við 36,9% í lok árs 2022. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur í lok tímabilsins.

Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2023

- Handbært fé frá rekstri á 2F 2023 var 2.859 millj. kr. sem er aukning um 2.382 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 330 millj. kr. sem er lækkun um 629 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 2.017 millj. kr. sem er aukning um 1.904 millj. kr. frá árinu áður.
- Arður samþykktur á aðalfundi í mars að fjárhæð 914 millj. kr. var greiddur í apríl sl.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.	6M 2023	6M 2022	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	1.823	2.653	-829	-31,3%	2.112	4.003	-1.891	-47,2%
Handbært fé frá rekstri	2.859	476	2.382	500,4%	4.097	1.459	2.638	180,8%
Fjárfestingahreyfingar	-330	-959	629	-65,6%	-1.146	-2.577	1.431	-55,5%
Fjármögnunarahreyfingar	-2.017	-113	-1.904	1680,9%	-2.749	-795	-1.954	245,7%
Gengismunur af handbæru fé	-9	28	-37	-130,5%	11	-5	17	-313,5%
Breyting á handbæru fé	511	-596	1.107	-185,7%	202	-1.913	2.115	-110,6%
Handbært fé í lok tímabils	2.326	2.085	241	11,6%	2.326	2.085	241	11,6%

Handbært fé frá rekstri á 2F 2023 nam 2.859 millj. kr. sem er aukning um 2.382 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar námu 330 millj. kr. sem er lækkun um 629 millj. kr. milli ára. Afborganir af leiguskuldum voru 198 millj. kr. Breyting á handbæru fé var jákvæð um 511 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2023 og handbært fé í lok tímabils nam 2.326 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2023

EBITDA spá félagsins er óbreytt eða 9.750 - 10.250 millj. kr.

CAPEX áætlun félagsins er lækkuð um 250 millj. kr. og nemur nú 4.250 - 4.750 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Eiginfjárlutfall félagsins er 35,5% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætar og er félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

26. júlí 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2023

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2023 nam 52,1 milljörðum króna
- Hluthafar félagsins voru 1.248 í lok 2F 2023.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 27. júlí 2023

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 27. júlí þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri rekstrar- og fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/cc/uppgjor-2f-2023>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: www.festi.is/r/fjarhagsupplysingar.

Fjárhagsdagatal

- 3F 2023: 25. október 2023
- 4F 2023: 7. febrúar 2024
- Aðalfundur 2024: 20. mars 2024

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (mki@festi.is).